

Sjálfsmatsáætlun Seyðisfjarðarskóla  
2023-2027



SEYÐISFJARÐARSKÓLI



- Í hverju barni býr fjársjóður -

Í sjálfsmatsáætlun Seyðisfjarðarskóla er farið yfir hvernig sjálfsmati verður háttað skólaárin 2023-2027. Með áætluninni er lagður grunnur að virku umbótastarfi í skólanum þar sem fjallað er um skólaþróun og breytingar með skipulegum hætti með það að markmiði að efla skólastarfið með hagsmuni skólasamfélagsins að leiðarljósi. Í matinu koma fram veikar og sterkar hliðar skólastarfsins. Það sem vel er gert í skólastarfinu er dregið fram svo festa megi það í sessi en jafnframt er vakin athygli á því sem betur má fara svo hægt sé að bæta úr því.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun, ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Niðurstöður úr innra mati eru birtar að hausti og leiðir til úrbóta. Skólapúlsinn er tvisvar á ári lagður fyrir nemendur en annað hvert ár fyrir starfsfólk og foreldra. Innra mat skólans er á ábyrgð skólastjórnenda og á að vera lýðræðisleg leið til að meðlimir skólasamfélagsins geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri til að stuðla að auknum gæðum í skólastarfinu.

Skólapúlsinn er rafræn könnun sem veitir stjórnendum aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er um þætti sem snúa að líðan nemenda og um skóla- og bekkjaranda. Staða nemenda í 6. - 10. bekk er borin saman við fyrri mælingar í skólanum en einnig við landsmeðaltal. Það gefur vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda miðað við nemendur á landinu öllu.

## Seyðisfjarðarskóli

Haustið 2016 hófst skólastarf í sameinuðum þriggja deilda skóla undir nafninu Seyðisfjarðarskóli og skiptist hann í grunnskóladeild, leikskóladeild og listadeild. Að auki er skipulögð stoðdeild.

Yfirskrift skólastarfsins er að í hverjum nemenda búi fjársjóður. Hlutverk skólans er að þroska þann sjóð, mennta ábyrga, hæfa og skapandi einstaklinga í samvinnu við heimilin og nánu samstarfi deildanna, í samræmi við aðalnámskrá leik-og grunnskóla, lög og reglugerðir. Í skólastefnu kemur fram að leiðarljós starfsins sé góð samvinna, lýðræði og jafnrétti og jafnframt að sköpunarkraftur, sjálfbærni, fjölbreytileiki og gagnrýnin hugsun einkenni skólastarf í öllum deildum. Þá byggir stefnan á viðmiði um að starf í öllum deildum skólans sé umbótamiðað. Sú hugsun nær til starfa nemenda og starfsmanna og varðar einnig aðstöðu okkar. Því er brýnt að starfsfólk fái kynningu á þessari áætlun, lesi sér til um hana og komi að úrbótunum. Þá er einnig mjög brýnt að allt starfsfólk fari að þeim tillögum sem koma fram og eins að sveitastjórn styðji við tillögurnar sem koma fram í gátlistum.

## Nemendur – líðan og samskipti

Í þessum kafla er sjónum beint að líðan nemenda, samskiptum og skólabrag. Gögn sem nýtt eru til greiningar á stöðunni og þeim atriðum sem ákveðið er að komi til úrbóta skv. gátlista úr Skólapúlsi og Olweusarkönnun lagðar fyrir á skólaárinu. Upplýsingar frá starfsmannafundum og samtöl stjórnenda við starfsfólk og foreldra á tímabilinu er einnig haft til hliðsjónar. Tillögur að úrbótum grundvallast einnig á umræðu í skólaráði, í nemendaráði og frá rýnifundum kennara og stjórnenda þar sem líðan nemenda og uppeldisaðferðir hafa verið til umfjöllunar. Byggja þær tillögur m.a. á þeirri endurmenntun sem fram hefur farið hjá starfsfólki skólans, fræðslu og samráði við sérfræðinga á sviði líðan barna og uppeldistækni. Samantektina unnu skólastjórnendur en ákvarðanir um úrbætur voru teknar m.a. á fundum stjórnenda annarsvegar og stjórnenda og kennara hins vegar.

Það sem vel er gert:

- Svörun nemenda í Skólapúlsinum benda til að þeim líði almennt vel og koma betur út en landsmeðaltal. Nemendur segjast hafa ágæta stjórn á eigin lífi og sjálfsálit nemenda mælist yfir landsmeðaltali.
- Svörun sem snýr að skóla- og bekkjaranda benda til að samband nemenda við kennara í skólanum er mjög gott og að nemendur samsama sig vel við nemendahópinn. Þá er agi í tímum góður og nokkuð yfir landsmeðaltali.

Það sem betur má fara:

- Þó svo að skólinn komi örlítið betur út en landsmeðaltal hvað varðar einelti svara nemendur því til að tíðni eineltis í skólanum okkar sé nokkuð há. Þetta er í samræmi við niðurstöður Olweusarkönnunar þar sem fram kemur aukning á einelti milli ára.
- Í samræðum við starfsfólk og á fundum er kallað eftir frekari þjálfun með stefnuna Uppeldi til ábyrgðar. Töluvert er af nýju fólki og tryggja þarf að stefnan sé viðloðandi allt skólastarf.
- Nokkuð hefur borið á fjarveru nemenda frá skóla og leyfisbeiðnum foreldra/forráðamanna á skólatíma. Mikilvægt er að nemendur séu ekki mikið fjarverandi frá skóla en slík fjarvera getur haft neikvæð áhrif, bæði náms- og félagsleg.

Fyrirhugaðar úrbætur fyrir skólaárið 2023-2024 – reglulegt mat á stöðu mála.

Líðan og samskipti				
Hvað skal gera	Upphaf	Ábyrgð	Lok	Staða, endurmat, eftirfylgni
Uppeldi til ábyrgðar – festa í sessi og tryggja að starfsfólk nýti hugmyndafræðina í samskiptum við nemendur og þegar leysa þarf úr uppákomum.	Haust 2019	Stjórnendur og starfsfólk	Ágúst á hverju ári.	Markviss vinna með UTÁ á starfsmannafundum einu sinni í mánuði. Kennarar vinna verkefni að hausti með sínum nemendahóp til að orðræðan sé sýnileg öllum, til dæmis hvað varðar hlutverk hvers og eins. Eiginlegri innleiðingu lauk vorið 2022.
UTÁ námskeið starfsfólks – bæði fyrir byrjendur og lengra komna	Haust 2023	Stjórnendur	Haust 2023	Námskeið haldin fyrir byrjendur og lengra komna á starfsdögum í byrjun skólaárs.
UTÁ Öll samskipti litast af stefnunni.	Haust 2019	Stjórnendur og starfsfólk	Ágúst árlega.	Stefnan er sýnileg á veggjum skólans með alls kyns efni, plaköt og fleira. Starfsfólk hefur fengið lykklakippur og verkfæri til að nýta sér við vinnuna með nemendum og til að leiðbeina þeim í samskiptum í anda UTÁ.
Nemendur læra um eigin persónubundnu þarfir og hvernig þeir geta komið til móts við þær.	Haust 2019	Stjórnendur, starfsfólk	September árlega.	Kennarar vinna samkvæmt áætlun um innlagnir í UTÁ. Nemendur gera könnun á eigin þarfamyndum í upphafi hvers skólaárs.

Nemendur læra um eigin ábyrgð í samskiptum.	Haust 2019	Stjórnendur, kennarar, starfsfólk	Vinna á hverju skólaári.	Kennarar vinna samkvæmt áætlun um innlagnir í UTÁ þar sem megináherslan er á að nemendur læri um eigin ábyrgð í samskiptum.
Foreldrar fá kynningu og upprifjun á aðferðum UTÁ	Þegar hafið.	Kennarar, starfsfólk, stjórnendur.	Haustönn árlega.	Foreldrar fá fræðslu í upphafi skólaárs og á miðjum vetri á foreldrafundum sem skilgreindir eru á skóladagatali.
Námskeið leiðtoga og starfsfólks í aðferðum UTÁ.	Haust 2023	Stjórnendur.	Annað hvert skólaár.	Leiðtogar fara annað hvert ár á námskeið á vegum Uppbyggingarfélagsins.
Verkferlar og vinnulag kennara varðandi samskipti, Olweus og skólabrag skýrðir og gerðir skriflegir og nýttir.	Skólaárið 2023-2024	Kennarar, starfsfólk og stjórnendur.	Í upphafi hvers skólaárs.	Á haustin fær allt starfsfólk kynningu á verkferlum og vinnulagi varðandi samskipti, Olweus og fleira. Vikulegar umræður og vinna á starfsmannafundum.
Olweusarstarf eftl – vinavikur, bekkjarfundir, verkfærakista Vöndu.	Haust 2020	Kennarar, starfsfólk og stjórnendur.	Vinna yfir allt skólaárið.	Á haustin fær allt starfsfólk kynningu á verkferlum og vinnulagi varðandi samskipti, Olweus og fleira. Vikulegar umræður og vinna á starfsmannafundum.
Kortleggja þarf samskiptavanda hjá nemendum og gera áætlun um hvernig eigi að bregðast við.	Haust 2023	Kennarar, starfsfólk og stjórnendur.	Janúar 2024	Verið er að vinna markvisst að bættum samskiptum til að draga úr tíðni eineltis. Starfsmannafundir, bekkjarfundir og foreldrafundir. Lagðar fyrir tengslakannanir, Olweusarkönnun og skólapúlsinn.
Austurlandslíkanið; áframhaldandi samvinna eflid, snemmtæk íhlutun varðandi líðan og alla velferð nemenda.	Haust 2020	Sérkennari og stjórnendur	Yfir allt skólaárið.	Fulltrúar Austurlandslíkansins koma mánaðarlega í skólann þar sem rædd eru málefni einstaka nemenda. Þess á milli eru góð samskipti milli meðlima teymisins og skólans.
Val og nemendalýðræði styrkt, með öflugum nemendaráði.	Haust 2023	Kennarar, starfsfólk og stjórnendur	September árlega.	Kosið í nemendaráð í september á hverju ári. Markvisst unnið að því að efla nemendur, meðal annars með fræðslu um leiðtogafærni og hvað felst í því að vera jákvæður leiðtogi.
Aukin fræðsla til nemenda um skólareglur, samskipti og tilgang náms/skólagöngu.	Haust 2023	Kennarar, starfsfólk og stjórnendur	Allt skólaárið	Nemendur taka aukna ábyrgð á sínu námi meðal annars með aukinni notkun á Mentor og Google classroom. Vikulegir bekkjarfundir þar sem rætt er um samskipti og lífið í skólanum almennt.
Skólaforðun – vinna þarf markvisst að bættri skólasókn. Sjá viðmið Múlaþings.	Haust 2023	Kennarar og stjórnendur	September árlega.	Unnið samkvæmt verkferlum um skólaforðun. Þegar lágmarksviðmiðum er náð eru nemendur og forráðamenn boðaðir á fund þar sem gerð er áætlun til úrbóta.

## Námsárangur

Skimanir sem eru lagðar til grundvallar mats á námsárangri nemenda í þessum kafla eru greiningartækin Lesfimi í öllum árgöngum auk Talnalykils í 3.og 6. bekk og Logos skimunum í 3., 6. og 9. bekk

Flestir árgangar eru í nokkuð góðum farvegi hvað leshraða og læsi snertir, en gera má ráð fyrir að árangur sé að nokkru leyti einstaklingsbundinn eftir árgöngum þegar hópar eru jafn litlir eins og hjá okkur. Þó má lesa það út úr gögnunum að á heildina litið er leshraði og læsi að jafnaði rétt undir eða í meðallagi miðað við landið. Er það mat okkar að skerpa þurfi á lestri upphátt fyrir kennara og foreldra daglega í 1.-4.bekk og brýna kennara í að halda áfram að hafa yndislestrarstundir og hafa skýran ramma utanum þær á öllum stigum.

Þegar Talnalykill og önnur próf í stærðfræði eru skoðuð eru ákveðnir námsþættir sem koma verr út hjá okkur en aðrir og þá sérstaklega reiknisaðgerða þátturinn. Sem dæmi; margföldun með tveimur stöfum, margföldun almennra brota, deiling/uppsetning deilingadæma og svo framvegis.

Um leið og mikilvægt er að kennarar nýti sér fjölbreyttar kennsluaðferðir þarf að huga að því nemendur fái góða innlögn í grunnatriðum íslensku og stærðfræði þannig að grunnurinn styrkist hjá þeim. T.d. verður að leggja áherslu á meðal kennara á yngsta og miðstigi að kenna reikningsaðgerðir og aðferðir. Leggja þarf áherslu á þjálfun í hugarreikningi, notkun vasareiknis, tölvuforritum og skriflegum útreikningum og vandaða framsetningu á öllum aldursstigum.

Það sem vel er gert:

- Niðurstöður úr LOGOS skimunum skólaþjónustu Múlaþings sem gerðar eru í 3., 6. og 9. bekk gefa gott yfirlit yfir stöðu nemenda í lestri en einnig er stærðfræðikunnátta þessara sömu nemenda skimuð með Talnalykli. Í kjölfar niðurstaðna eru gerðar úrbótaáætlanir fyrir hvern einstakan nemanda sem á þarf að halda. Unnið er eftir stífri áætlun í samvinnu við foreldra og sýna niðurstöður síðari skimana nær undantekningalaust miklar framfarir nemenda milli skimana.
- Ánægja nemenda af lestri er meiri en í öðrum skólum samkvæmt því sem fram kemur í nemendakönnun.
- Fram kemur í starfsmannaviðtölum ánægja með námsanda í skólanum.

Það sem betur má fara:

- Í foreldrakönnun skólupúlsins sem lögð var fyrir skólaárið 2022-2023 komu fram athugasemdir við nám og kennslu í skólanum. Flestir voru sammála um að kennararnir væru almennt hæfir og metnaðarfullir en einhverjir ekki sáttir við þær kennslu- og aagaðferðir sem verið er að beita í skólanum.

Fyrirhugaðar úrbætur fyrir skólaárið 2023-2024 – reglulegt mat á stöðu mála.

Námsárangur				
Hvað skal gera	Upphaf	Ábyrgð	Lok	Staða, endurmat, eftirfylgni
Efla getu nemenda í reikningsaðgerðum á yngsta stigi með aukinni kennslu í aðgerðum.	Haust 2023	Kennarar á yngsta- og miðstigi. Stjórnendur.	Allt skólaárið.	Markviss vinna með talnahús og þjálfna nemendur í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu með fjölbreyttum aðferðum. Meðal annars með því að tengja viðfangsefnið við daglegt líf og nýta tæknina, svo sem ípada en nemendur hafa sinn ípad hver til umráða.
Efla getu nemenda í reikningsaðgerðum á miðstigi með aukinni kennslu í aðgerðum.	Haust 2023	Kennarar á yngsta- og miðstigi. Stjórnendur.	Allt skólaárið.	Markviss vinna með talnahús og þjálfna nemendur í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu með fjölbreyttum aðferðum. Meðal annars með því að tengja viðfangsefnið við daglegt líf og nýta tæknina, svo sem ípada en nemendur hafa sinn ípad hver til umráða.
Brýna kennara í að hafa strangan ramma utanum yndislestrarstundir.	Haust 2023	Kennarar	Haust 2023	Fundur með kennurum þar sem rætt verður um yndislestrarstundir og hvernig þær geta best nýst nemendum. Þar verða lagðar línurnar um hvernig yndislestri verði háttað í skólanum.
Efla fjölbreyttar kennsluaðferðir á öllum stigum.	Haust 2023	Kennarar, stjórnendur.	Maí 2024.	Nú þegar hafa kennarar fengið kynningar á ýmsum leiðum til að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum í tengslum við tæknina. Unnið hefur verið að því að efla notkun Mentor og Google Classroom með aðstoð verkefnastjóra tæknimála hjá fræðsluviði Múlaþings. Faglegir umræðuhópar tvisvar í mánuði á tilgreindum fundartíma um kennsluaðferðir og skólastarfið almennt, hvernig megi bæta það og hvernig framtíðarsýn kennara er fyrir Seyðisfjarðarskóla.
Að brýna fyrir foreldrum mikilvægi heimalestrar.	Haust 2023	Kennarar, stjórnendur.	Allt skólaárið.	Farið vel yfir mikilvægi heimalestrar í upphafi skólaárs í nemenda- og foreldraviðtölum. Rætt eftir þörfum yfir veturinn.

## Námsmat og kerfi

Undanfarin ár hefur mikill tími farið í að ræða kosti og galla Mentor. Ákvörðun var tekin á vordögum 2020, meðal annars eftir viðamikla umræðu á milli starfsfólks alls skólans á starfsdegi þess efnis að kennarar ætluðu að nota Mentor af krafti til að halda utan um nám nemenda. Hingað til hefur ekki tekist að ná samstöðu um að sinna öllu námsmati í gegnum kerfið en vorið 2023 tóku skólastjórnendur þá ákvörðun að frá og með haustinu 2023 myndum við breyta námsmati í skólanum, fækka önnum og nýta hæfnikort og námslotur í Mentor með áherslu á leiðsagnarmat.

Fyrirhugaðar úrbætur fyrir skólaárið 2023-2024 – reglulegt mat á stöðu mála.

Námsmat og kerfi				
Hvað skal gera	Upphaf	Ábyrgð	Lok	Staða, endurmat, eftirfylgni
Skoða hvort að ástæða sé til að ákveða markmið í öllum greinum fyrir hvern árgang út frá samræmingu námsgreina.	Haust 2023	Kennarar og stjórnendur.	Desember 2023	
Ákveða hæfniviðmið fyrir árganga.	Haust 2023	Kennarar og stjórnendur.	Haust 2024	
Ákveða og setja inn sjálfsmat fyrir hvern árgang í Mentor.	Haust 2023	Kennarar og stjórnendur.		
Ákveða hvernig ofangreint sé sýnilegt, foreldrum, kennurum og nemendum.	Haust 2023	Kennarar og stjórnendur.	Desember 2023	
Kynna Mentor markvisst fyrir nemendum og foreldrum og hvernig hægt er að fylgjast með námsframvindu – námslotur, námsmöppur, samskipti, dagatal og fleira.	Haust 2023	Kennarar og stjórnendur.	Markvisst yfir árið.	
Útbúin verði tímasett áætlun um innleiðingu nýs námsmats.	Haust 2023	Stjórnendur	Haust 2023	



Hver kennari búi til námslotur fyrir sína kennslu og setji inn kennsluáætlanir.	Við upphaf skólaárs	Kennarar og stjórnendur	Við lok skólaárs.	
Innleiða sjálfsmat fyrir hvern árgang.	Haust 2023	Kennarar og stjórnendur		

### Aðbúnaður / Húsnæði

Tillaga að úrbótum varðandi húsnæði í grunnskóladeild hefur verið unnin af starfsfólki á innramatsfundum vorið 2022. Því miður breytist listinn ekki mikið og líklega verður ekki bót á málum fyrr en nýtt skólahúsnæði rís. Til viðbótar umræðum er hafður til hliðsjónar viðhaldslisti frá grunnskóladeild sem unninn var í samráði stjórnenda og starfsfólks vorið 2019 og er enn í fullu gildi. Hér er ekki lýst öðrum aðbúnaði sem er nauðsynlegt að uppfæra vegna innra starfs en gert er ráð fyrir að þeirri þörf verði lýst í starfsáætlun að hausti. Ekki er sett á lista hefðbundið og reglulegt viðhald sem er í umsjón húsvarðar.

Nauðsynlegar úrbætur fyrir skólaárið 2023-2024

Nauðsynlegar úrbætur				
Hvað skal gera	Upphaf	Ábyrgð	Lok	Staða, endurmat, eftirfylgni
Lagfæra handrið í gamla skóla				

Aðgengi í gamla skóla (lyfta)				
Tröppur úr kjallara upp á aðra hæð, laga (hringstigi.)				
Starfsmannasalerni í Gamla skóla.				
Umferðaöryggi við Gamla skóla.				
Aðkoma að Gamla skóla og umhverfi hans.				
Hljóðvist Gamla skóla.				
Gluggar í Gamla skóla óþéttir.				
Brunavarnir. Yfirfara brunaáætlun skólans.				
Rauði skóli - svalir				
Mála skólann að utan				
Gólfúkar í vinnurýmum kennarar/stjórnenda.				
Hljóðvist í rýmum, sér í lagi á kaffistofu.				

## Staða áætlana

Áætlanir skólans eru aðgengilegar á vef skólans. Fara þarf yfir þær, uppfæra miðað við gildandi viðhorf og starf í skólanum og samræma útlit þeirra. Starfsfólki ber að kynna sér áætlanir og fara eftir þeim.

Fyrirhugaðar úrbætur fyrir skólaárið 2023-2024 – reglulegt mat á stöðu mála.

Staða áætlana			
Hvað skal gera	Endurskoðun	Ábyrgð	Lok
Jafnréttisáætlun	2023-2024	Stjórnendur	Vor 2024
Eineltisáætlun	2023-2024	Stjórnendur	Vor 2024
Viðbragðsáætlun vegna bruna	2023-2024	Stjórnendur	Vor 2024
Viðbragðsáætlun vegna áfalla	2023-2024	Stjórnendur	Vor 2024
Starfsþróunaráætlun	2023-2024	Stjórnendur	Vor 2024
Innramatsáætlun	2025	Stjórnendur	Vor 2025





## Langtímaáætlun um innra mat

Stjórnun og skipulag	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir og verklagsreglur.	x	x	x	x
Stjórnun	x	x	x	x
Faglegur stuðningur	x	x	x	x
Samstarf heimilis og skóla		x		x
Skimanir	x	x	x	x

Nám og kennsla	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Skipulag náms og kennslu	x	x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu	x	x	x	x
Námsmat	x	x	x	x
Ábyrgð nemenda		x		x
Líðan og heilsa	x	x	x	x
Virgni nemenda	x	x	x	x
Lýðræði, vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	x	x	x	x

Starfsfólk	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Faglegt samstarf, samræður og fag- og árgangafundir	x	x	x	x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður	x	x	x	x

Vinnuumhverfi	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Endurskoðun áætlana.	x	x	x	x

## Lokaorð

Skólastarf er umfangsmikið starf sem tekur sífelldum breytingum í takti við breytingar á samfélaginu hverju sinni og er hvoru tveggja í sífelldri þróun.

Við í skólanum teljum að uppeldisstefnan Uppeldi til ábyrgðar ásamt þeirri vinnu sem lagt hefur verið í varðandi starfsanda og líðan nemenda skili árangri og teljum að sú vinna hafi skilað sér til nemenda og starfsfólks alls á síðustu árum og vonandi héðan í frá. Einnig hefur vinna við innleiðinguna haft jákvæð áhrif á liðsheild starfsfólks og sameiginlega vinnu þess þvert á deildir.

Mikil vinna verður lögð í það á þessu skólaári að innleiða nýtt námsmat í skólann og nýtingu Mentor. Bindum við vonir við að þannig verði markvissara ut anumhald um námslega stöðu nemenda auk þess sem kennslan verður þannig sýnilegar skipulögð með hæfniviðmið aðalnámskrár í huga. Markmiðin með kennslunni eiga að vera skýr og viðmið um árangur einnig en þannig er betur tryggt að nemendur og foreldrar þeirra geri sér grein fyrir þeim viðmiðum sem þarf að uppfylla sem og stöðu nemendans í því ferli.